

Námsgrein: Íslenska

7. bekkur

Kennari: Hildur Eva Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: 4 klukkustundir á viku. Að auki er 15 mínútur í lestur á hverjum degi og íslenska fellur undir samþættingu í náttúru- og samfélagsgreinum.

Námsefni: Til grundvallar kennslu verða Málrækt 3, Þriðji Smellur, Orðspor 3 og annað efni fundið til eða útbúið af kennara.

Kennsluaðferðir: Umræður, innlagnir, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, námsleikir, leitarnám, áhorf o.fl.

Námsmat: Símat í kennslustundum. Lesfimiþróf, Orðarún, málfræðikannanir, samvinnu- og einstaklingsverkefni, skapandi verkefni, munnleg- og skrifleg verkefni, sjálfsmat. Mat hæfniviðmiða birt á Mentor jafnóðum.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþáttur	Áhersla er lögð á:
Læsi	Nemendur nái sem bestri færni í lestri og ritun.
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum.
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna.
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda. Nemendur eru þá hvattir til gagnrýnnar hugsunar við lestur og verkefnavinnu.
Jafnrétti	Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra. Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni*	Námsefni	Hæfniviðmið*
Málfræði Lesskilningur Bókmenntir og ljóð	Málrækt 3 Þriðji Smellur Orðspor 3 Vertu ósýnilegur – flóttasaga Ishmaels Ítarefni fundið af kennara.	Nemandi geti: - lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, - greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, - lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum, - greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap, - aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga, - lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, - gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það, - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjaleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra, - beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins, - notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.
Lestur og framsögn	Lestur í allskonar formi Upplestrarkeppnin Lestrarkennsluefni fundið af kennara eftir þörfum.	Nemandi geti: - lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, - valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju, - tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
Ritun Stafsetning	Ritunar- og stafsetningaræfingar búnar til af kennara og fléttast inn í	Nemandi geti: - skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,

	annað námsefni og námsgreinar.	- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni, - samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, - beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim, - skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, - skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. - notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun, - gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. *Hæfniviðmið eru brotin upp í smærri markmið á Mentor.
--	--------------------------------	--